

Ársskýrsla Visku 2024

Efnisyfirlit

Ávarp formanns	4
Viska í tölum	6
Um Visku	8
Fólkið sem varðveitir menninguna	8
Fólkið sem skapar samfélagið	9
Utangarðsfólk stofnar félag	9
Viska verður til	10
Stjórn	10
Skrifstofa	11
Kjaramál	12
Kjaraviðræður	12
Kjarasamningur við ríkið	12
Kjarasamningur við Samband íslenskra sveitarfélaga	13
Kjarasamningur við Reykjavíkurborg	13
Kjarasamningar á almenna markaðnum	14
Kjarasamningar við aðra aðila	14
Jöfnun launa	15
Þjónusta í kjaramálum	15
Stofnanasamningar	16
Dómsmál	16
Félagsstarf	17
Kjaradeildir	17

Félagsnet	18
Fulltrúaráð	18
Trúnaðarmenn	18
BHM	19
Fundir og viðburðir	19
Námskeið og fræðsla	20
Aðstoð við skil á skattframtali	20
Lífeyrisráðgjöf	20
Fyrirtækjaskóli Akademias	21
Bara tala	21
Starfsmennt fræðslusetur	21
Námsmannþjónusta	21
Erlent samstarf	22
Útgáfa, rannsóknir og kynningarmál	23
Stafrænir innviðir	23
Rannsóknir og greiningar	23
Kynningarmál	24
Sjóðir	24
Sjúkrasjóðir	24
Starfspróunarsjóðir	25
Starfsmenntunarsjóður BHM	25
Starfspróunarsetur háskólamanna	25
Vísindasjóður Visku	25
Orlofssjóður	25
VIRK starfsendurhæfingarsjóður	26
Kjaramálasjóður	26

Ávarp formanns

Það fellur í mínar hendur að skrifa fyrsta ávarp formanns Visku og ég geri það með þakklæti og gleði í hjarta. Stéttarfélagið Viska sem tók til starfa fyrir ári síðan er félag sem varð til við sameiningu þriggja stéttarféлага innan BHM, Fræðagarðs, Félags íslenskra félagsvísindamanna (FÍF) og Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga (SBU).

Draumurinn um sameiningu varð til í upphafi árs 2023, þegar formenn þessara þriggja félaga, undirrituð sem var formaður Fræðagarðs, Kristmundur Þór Ólafsson sem var formaður FÍF og Kristjana Mjöll Jónsdóttir Hjörvar sem var formaður SBU, settumst niður til skrafs og ráðagerða með Georgi Brynjarssyni sem var framkvæmdastjóri þjónustuskrifstofu félaganna.

Fljótt kom í ljós að það var meira en að segja það að sameinast í eitt stórt stéttarfélag. Á hinum Norðurlöndunum hefur verið mun algengara að félög sameini krafta sína, en færri dæmi eru um það hér á Íslandi. Við í stjórnnum félaganna þriggja leituðum ráða hjá öðrum stéttarfélögum sem hafa gengið í gegnum sameiningu og lögðum allt okkar af mörkum til að sameiningin tækist í félagspólitískri sátt og samvinnu.

Í lok sameiningarinnar skrifuðum við Kristmundur og Jana greinargerð um sameiningarferlið, með þeirri ósk að hún væri gagnleg öðrum stéttarfélögum sem hafa hug á að sameina krafta sína. Er þessi greinargerð birt sem fylgiskjal við þessa fyrstu ársskýrslu Visku.


Þetta fyrsta starfsár Visku hefur einkennst af mikilli uppbyggingu. Viska þurfti að byggja upp alla innviði – félagslega, stafræna og steinsteypta. Á árinu vann stjórn að því að fara yfir og innleiða reglur og verkferla nýs félags, og tók einnig á móti kjaradeildum Arkitektafélags Íslands og Sambands íslenskra myndlistarmanna sem runnu inn í Visku.

Skrifstofan vann þétt með stjórn að uppbyggingu þjónustu og bar hitann og þungann af því að búa félaginu nýtt heimili – fyrst í netheiminum með opnun nýrrar vefsíðu, viska.is, og svo með flutningi í nýtt skrifstofuhúsnæði að Borgartúni 27 þar sem félagið hefur í fyrsta skipti aðgang að eigin sal fyrir félagsstarf.

Samhliða uppbyggingarstarfinu átti Viska í kjaraviðræðum við alla viðsemjendur. Skrifað var undir langtímasamninga við ríkið í júní 2024, við sveitarfélög, Reykjavíkurborg og Félag atvinnurekenda þá um haustið, við Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu í febrúar 2025 og þegar þessi skýrsla er skrifuð eru yfirstandandi viðræður við Samtök atvinnurekanda.

Árið hefur svo sannarlega verið viðburðaríkt hjá okkur í Visku. Starfið á árinu hefur einkennst af gleði og samheldni stjórnar, starfsfólks og félagsfólks alls, sem tekið hefur höndum saman um að stofna sterkt, sameinað stéttarfélag sem horfir björtum augum til framtíðar.


Nú tekur við nýtt ár í sögu Visku. Fyrsta stjórn félagsins var samsett af stjórnnum þeirra þriggja félaga sem sameinuðust í Visku, 17 aðalmönnum og 6 varamönnum, og var okkur falið það hlutverk að fylgja eftir uppbyggingaráætlunum stofnfélaga. Nú er kosið til allra embætta á aðalfundi og til starfa tekur sjö manna stjórn sem ber þá ábyrgð að halda áfram að byggja upp sterkt stéttarfélag sem veitir góða þjónustu og sinnir öflugri hagsmunagæslu. Ég treysti okkur Viskufólki fyllilega til þeirra starfa.




Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir

Viska í tölum


FÉLAGSFÓLK Í VISKU Í DESEMBER 2024




KYNJASKIPTING FÉLAGSFÓLK




SKIPTING FÉLAGSFÓLK EFTIR VINNUMARKAÐI




FJÖLDI ERINDA ÁRIÐ 2024 VORU 875



FJÖLDI SÍMTALA SEM BÁRUST ÁRIÐ 2024



MÁNAÐARLEGAR HEIMSÓKNIR Á VISKA.IS AÐ MEÐALTALI ÁRIÐ 2024



Um Visku

Stéttarfélagið Viska varð formlega til 31. október 2023 og tók formlega til starfa 1. janúar 2024, en upphaf félagsstarfsins má rekja til grósku verkalyðshreyfingarinnar á eftirstríðsárunum.

Viska varð til við sameiningu þriggja stéttarféлага árið 2023 – Félags íslenskra félagsvísindamanna (FÍF), Fræðagarðs og Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga (SBU). Saman höfðu þessi félög rekið þjónustuskrifstofu frá árinu 1999 og þekktust því vel. Hagsmunir félagsfólks þeirra voru hinir sömu og ljóst var að í sameinuðu félagi væri hægt að stórefla þjónustu og hagsmunagæslu félagsfólks.

Öll höfðu félögin reynslu af sameiningu og höfðu til að bera sveigjanleika til að takast á við breyttar aðstæður á vinnumarkaði. **Félag íslenskra félagsvísindamanna** hét upphaflega Félag þjóðfélagsfræðinga og var fagfélag áður en það fór að taka til sín í kjaramálum.

Fræðagarður varð til 2008 við sameiningu tveggja stéttarféлага, Félags íslenskra fræða – kjaradeild og Útgarðs. **Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga** varð til við sameiningu Bókavarðafélags Íslands og Félags bókasafnsfræðinga árið 1999.

Þessi þrjú stéttarfélög sameinuðust með stofnun Visku árið 2023. Árið 2024 runnu kjaradeildir Arkitektafélags Íslands og Sambands íslenskra myndlistamanna einnig inn í Visku. **Viska** er ekki fámennt félag eins og öll félögin sem á undan komu, heldur er það stærsta aðildarfélag BHM. Viskufólk kemur úr öllum áttum og hefur ólíka menntun og reynslu. Nýsköpun, þekkingarmiðlun og þverfagleg nálgun gegnir lykilhlutverki á 21. öldinni og er Viskufólk í framlínunni að skapa þá framtíð.

FÓLKID SEM VARÐVEITIR MENNINGUNA

Félag íslenskra fræða var stofnað 1947 fyrir fólk sem var með menntun í íslenskum fræðum, menningarsögu, bókmenntum, fornleifafræði, listasögu, málfræði, sögu og þjóðfræði. Var félagið eitt af ellefu stofnfélögum BHM þann 23. október 1958. Félag íslenskra fræða átti eftir að láta til sín taka í samfélaginu en það átti hugmyndina að stofnun sérstakrar þjóðarbókhlöðu og lyfti þeirri hugmynd til vegs ásamt bandalaginu.

Tvö önnur stéttarfélög börðust hatrammlega fyrir stofnun þjóðarbókhlöðu, **Bókavarðafélag Íslands** sem stofnað var árið 1960 og **Félag bókasafnsfræðinga** var stofnað árið 1973. Þann 8. apríl 1999 sameinuðust félögin í **Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga** innan vébanda BHM.

FÓLKID SEM SKAPAR SAMFÉLAGID

Félag þjóðfélagsfræðinga var stofnað 1976 af hópi fólks sem lokið hafði prófi frá nýrri námsbraut við Háskóla Íslands, „almenn þjóðfélagsfræði“ (félagsfræði, mannfræði og stjórnmálafræði) auk fólks sem lokið hafði námi í félagsvísindum erlendis. Frá upphafi var félagið aðili að samstarfi bæði norrænna félagsfræðinga og stjórnmálafræðinga.

Félagið fékk aðild að BHM árið 1984 og það sama ár var stofnuð kjaradeild ríkisstarfsmanna innan félagsins. Í nóvember 1991 var nafni félagsins breytt í **Félag íslenskra félagsvísindamanna**. Á þeim tíma starfaði félagið bæði sem fagfélag félagsvísindafólks og sem stéttarfélag. Samhliða stofnun Félags stjórnmálafræðinga árið 1995 og Félags félagsfræðinga ári síðar urðu breytingar þar á og félagið hætti smátt og smátt að starfa sem fagfélag og einbeitti sér að kjaramálum.

UTANGARÐSFÓLK STOFNAR FÉLAG

Framboð í hinum ýmsu greinum háskólanáms jókst verulega á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar og konum fjölgaði hratt í háskólanámi. Nýjar stéttir og störf urðu til en oft voru í hópunum of fáir einstaklingar til þess að unnt væri að stofna fagfélög utan um hverja og eina stétt. Fámennu hóparnir með háskólamenntun voru því að nokkru landlausir þegar kom að því að velja stéttarfélag.

Á áttunda áratugnum fengu einstaklingar með háskólamenntun að ganga í BHM án þess að tilheyra aðildarfélagi, en Kjaradómur neitaði að fjalla um kjör þessara einstaklinga. Brugðist var við með því að boða til fundar 1978 og var hóað í alla sem voru með einstaklingsaðild að BHM með það fyrir augum að stofna nýtt félag, **Útgarð**. Í fyrstu stjórn Útgarðs voru kosnar fimm konur og tveir karlar og var fyrsti formaður félagsins hjúkrunarfræðingur.

Útgarðsfólk var í framlínunni að skapa þekkingarsamfélag 21. aldarinnar. Athyglisvert er að lesa fyrstu kröfugerðirnar sem Útgarður gerði fyrir félagsfólk sitt sem snerust um ný störf og mat á þeim. Þessi stöðuheiti eru mörg vel þekkt í dag en voru í kringum 1980 ný af nálinni. Má þar nefna dæmi eins og forstöðumann filmusafns sjónvarps, æskulýðsfulltrúa ríkisins, dagskrármann sjónvarps, kerfisfræðing, fræðslufulltrúa hjá Húsnæðismálastjórn, kvikmyndatökumann, deildarstjóra í Landsbókasafni, næringarfræðing og deildarstjóra sjúklingabókhalds ríkisspítalanna. Stéttarfélagið **Fræðagarður** varð svo til með samruna kjaradeildar Félags íslenskra fræða og Útgarðs.

VISKA VERÐUR TIL

Veturinn 2022–2023 hófu formenn og stjórnir FÍF, Fræðagarðs og SBU óformlegar viðræður um að sameina félögin í nýtt, öflugt stéttarfélag. Á aðalfundum félaganna þriggja vorið 2023 voru samþykktar tillögur þess efnis að hefja formlegar sameiningarviðræður. Viðræðurnar áttu sér stað allt árið 2023 og gengu vonum framar. Stjórnir félaganna höfðu að leiðarljósi að byggja allan undirbúning á faglegum rannsóknum og að samtalið væri bæði lýðræðislegt og unnið á jafningjagrundvelli. 16. október 2023 undirrituðu formenn félaganna samkomulag um sameiningu og boðað var til aukaaðalfunda félaganna til að greiða atkvæði um sameiningu. Fræðagarður samþykkti sameiningu 31. október, FÍF 1. nóvember og SBU 2. nóvember.

Skrifstofa Visku var formlega opnuð 1. janúar 2024 sem er sama dagsetning og fjárhagsleg sameining félaganna átti sér stað. Í upphafi árs störfuðu sjö á skrifstofunni, sem öll höfðu áður unnið fyrir Fræðagarð eða á sameiginlegri þjónustuskrifstofu stofnfélaganna. Fljótt kom í ljós að skrifstofan var of fámenn til að sinna þeirri þjónustu sem stjórn félagsins hafði í huga að byggja upp, og haustið 2024 bættust þrír starfsmenn í hópinn til að bæta þjónustustig félagsins.

Nú er Viska eitt stærsta stéttarfélag landsins og er félagsfólk um 5.300. Skrifstofa og stjórn standa þétt saman að því að byggja upp gott og öflugt félag sem starfar í þágu félagsfólks og samfélagsins alls.

Stjórn

Stjórn Visku á fyrsta starfsári félagsins er samsett af stjórnnum stofnfélaganna þriggja og í henni sitja 17 aðalmenn og 6 varamenn. Á árinu starfaði einnig framkvæmdastjórn sem samanstóð af formönnum félaganna þriggja sem sameinuðust í Visku.

Formaður Visku er Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir sem áður var formaður Fræðagarðs. Varaformaður er Kristmundur Þór Ólafsson sem áður var formaður Félags íslenskra félagsvísindamanna. Gjaldkeri er Kristjana Mjöll Jónsdóttir Hjörvar sem áður var formaður Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga.

Í stjórn árið 2024 sátu einnig Ester Ósk Traustadóttir, Gustav Pétursson, Helga B. Kolbeinsdóttir, Inga María Leifsdóttir, Ingibjörg Ösp Óttarsdóttir, Íris Halla Guðmundsdóttir, Kristín Arnórsdóttir, Linda Björk Markúsardóttir, Óskar Þór Þráinsson, Ragna Björk Kristjánsdóttir, Sigrún Einarsdóttir, Steindór Gunnar Steindórsson, Sunna Arnardóttir og

Þóra Jónsdóttir. Varamenn í stjórn voru Andrés Erlingsson, Anna Sjöfn Skagfjörð, Eðvald Einar Stefánsson, Guðjón Hauksson, Sveinn Ólafsson og Tryggvi Hallgrímsson.

Stjórnin setti sér reglur á fyrsta stjórnarfundum sínum og fundaði að jafnaði mánaðarlega á þessu fyrsta starfsári sínu, alls tuttugu sinnum á tímabilinu nóvember 2023 til apríl 2025, þar af þrettán sinnum árið 2024. Einnig voru haldnir tveir vinnufundir á tímabilinu, einn fundur vorið 2024 um kjaramál í aðdraganda kjarasamninga og annar fundur vorið 2025 til að fullmóta tillögu stjórnar fyrir aðalfund um áherslur félagsins. Framkvæmdastjórn fundaði að jafnaði vikulega á þessu fyrsta starfsári, alls 61 sinni, þar af 42 árið 2024.

Samkvæmt bráðabirgðaákvæðum sem sett voru í lög Visku á stofnfundum félagsins verður gengið til kosninga vorið 2025 og skal þá kosið í öll embætti, embætti formanns til fjögurra ára, þrjá stjórnarmenn til tveggja ára, þrjá stjórnarmenn til eins árs og tvo varamenn til eins árs.

Skrifstofa

Skrifstofa Visku tók formlega til starfa 1. janúar 2024 og voru starfsmenn sjö í upphafi árs og níu við árslok. Fyrstu starfsmenn Visku voru Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir sem er formaður, Georg Brynjarsson sem er framkvæmdastjóri, Bragi Rúnar Jónsson sem er fjármálastjóri, Anna S. Ragnarsdóttir sem hefur umsjón með skrifstofu, Júlíana Guðmundsdóttir sem er lögfræðingur, Bjarni Kristjánsson sem sér um þjónustu og ráðgjöf og Gauti Skúlason sem sér um samskipti og markaðsmál. Þrjú bættust í liðið á árinu Katrín Björg Ríkarðsdóttir sem sér um kjara- og réttindamál, Vilhjálmur Hilmarsson sem er hagfræðingur og Þóra Þorgeirsdóttir sem sér um ráðgjöf.

Starfsfólk skrifstofunnar vann ötullega á árinu að því að byggja upp þjónustu og ásýnd sameinaðs félags, ásamt því að finna félaginu ný húsakynni. Viska á hlutdeild í Húsfélagi BHM sem á tvær hæðir í Borgartúni 6, skrifstofur og fundarsali. Þar höfðu stofnfélögin um árabíl rekið skrifstofur sínar ásamt öðrum BHM og nokkrum öðrum aðildarfélögum BHM. Árið 2023 flutti bandalagið skrifstofur sínar í leiguhúsnæði í Borgartúni 27 og flest önnur aðildarfélög BHM fóru í kjölfarið, en þó ekki Viska. Í janúar 2024 ákvað eigendafundur Húsfélags BHM að setja eignir sínar í Borgartúni 6 til sölu.

Viska skrifaði undir leigusamning við BYGG á vormánuðum 2024 um að flytja skrifstofur sínar á þriðju hæðina í Borgartúni 27, til að vera áfram í návist við systurfélög sín og bandalagið. Það tók lengri tíma en áætlað var að innrétta hæðina svo hún hentaði starfsemi

félagsins, og félagið flutti ekki í ný húsakynni fyrr en í nóvember 2024. Viska hefur skrifað undir leigusamning til tíu ára í Borgartúni 27 og er húsnæðið hannað með tilliti til framtíðarvaxtar félagsins. Starfsaðstaða er fyrir tuttugu starfsmenn, þó að einungis tíu aðilar hafi starfað hjá félaginu þetta fyrsta starfsár. Enn fremur hefur félagið í fyrsta skipti að ráða yfir eigin fundarsal sem hentar fyrir ýmis konar fundarhöld og félagsstarf.

Kjaramál

KJARAVIÐRÆÐUR

Kjaraviðræður áttu sér stað á árinu við alla viðsemjendur. Í aðdraganda samningalotunnar beitti Viska sér fyrir því að launahækkanir væru ekki aðeins í formi krónutölu heldur blandaðrar leiðar þar sem hlutfallshækkanir væru á launum, með krónutöluhækkunum neðst á launatöflu.

Aðildarfélög BHM funduðu í upphafi árs 2024 um hvernig gengið skyldi til samningaviðræðna og var afstaða Visku sú að annaðhvort færum við sameinuð að borði undir merkjum BHM eða Viska gengi ein til samninga.

Stjórn Visku er samninganefnd félagsins og í viðræðunefnd sátu Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir formaður Visku, Júlíana Guðmundsdóttir lögfræðingur Visku, Georg Brynjarsson framkvæmdastjóri Visku, en Vilhjálmur Hilmarsson hagfræðingur Visku tók sæti Georgs í október 2024.

KJARASAMNINGUR VIÐ RÍKIÐ

Viska skrifaði undir heildarkjarasamning til fjögurra ára við ríkið 30. júní 2024, fyrst aðildarfélaga BHM. Markmið samningsins var að tryggja félagsfólki kjarabætur um leið og félagið lagði sitt á vogarskálarnar við að tryggja efnahagslegan stöðugleika til að leggja grunn að lægri verðbólgu og lægri vöxtum.

Í samningnum var gerð mikilvæg leiðrétting á launatöflu Visku hjá ríkinu svo að hún verði fullleiðrétt fyrir ofan launaflokk 14 á fjórum árum. Einnig var samið um lengingu á launatöflu um þrjá flokka á fjórum árum, úr 27 í 30, og launatöfluauki settur á sem ætlað er að stuðla að því að laun félagsfólks hjá ríkinu haldi í við launaþróun annarra hópa á almennum vinnumarkaði.

Enn fremur var í samningnum staðfest varanleg stytting vinnuvikunnar í 36 tíma, sett launað frí í mæðravernd fyrir barnshafandi foreldri og frí vegna tæknifrjóvgunar í allt að 15 daga. Í

bókun með samningnum og samhlíða yfirlýsingu fjármálaráðherra og háskólamálaráðherra var stofnað til starfshóps til að kortleggja áhrif endurgreiðslufyrirkomulags eldri LÍN-lána á ævitekjur.

Kjarasamningurinn var kynntur félagsfólki Visku sem starfar hjá ríkinu og lauk kosningu 8. júlí 2024. Á kjörskrá voru 1.494 manns og var kosningapátttaka 30%. 393 samþykktu samninginn eða 89% en 49 greiddu atkvæði á móti eða 11%.

KJARASAMNINGUR VIÐ SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Viska gerði heildarkjarasamning til fjögurra ára við Samband íslenskra sveitarfélaga 11. október 2024. Ásamt kjarabótum sem samhljóða eru kjarasamningi félagsins við ríkið, voru gerðar mikilvægar breytingar sem eru til þess fallnar að breyta launaumhverfi félagsfólks Visku sem starfar hjá sveitarfélögum.

Háskólamenntun er metin hærra til launa og sveitarfélögum er gert heimilt að greiða önnur laun fyrir sérstaka frammistöðu og hæfni í starfi ásamt öðrum þáttum. Í bókun með samningnum var settur á laggirnar starfshópur samningsaðila til að vinna að endurskoðun á svokölluðum TV-einingum, til að auðvelda stjórnendum hjá sveitarfélögum að umbuna starfsfólki fyrir færni og störf sín.

Einnig kom nýtt inn í kjarasamning að starfsmanni beri ekki að svara erindum tengdu starfi hans utan vinnutíma nema í neyðartilvikum, en þó á þetta ákvæði ekki við um stjórnendur eða starfsmenn sem hafa starfsskyldur af þessu tagi í starfslýsingu sinni og tillit hefur verið tekið til við launasetningu starfa þeirra.

Kjarasamningurinn var kynntur félagsfólki Visku sem starfar hjá sveitarfélögum og lauk kosningu 17. október 2024. Á kjörskrá voru 1.092 manns og var kosningapátttaka 40%. 388 samþykktu samninginn eða 89% en 47 greiddu atkvæði á móti eða 11%.

KJARASAMNINGUR VIÐ REYKJAVÍKURBORG

Viska gerði heildarkjarasamning til fjögurra ára við Reykjavíkurborg 20. nóvember 2024. Ásamt kjarabótum sem samhljóða eru kjarasamningi félagsins við ríkið, var samið um hækkanir á persónuálagi og gerðar breytingar á Vísindasjóði Visku hjá starfsfólki borgarinnar.

Félagsfólk Visku hjá Reykjavíkurborg fær árlega greitt úr Vísindasjóði Visku og nemur styrkuppþæð 1,6% af dagvinnulaunum. Þau sem þess óska geta fengið útgreiðslur úr Vísindasjóði felldar inn í launatöflu sína og þar með fengið hærri launagreiðslur. Félagsfólk

sem vill óbreytt fyrirkomulag með Vísindasjóð fær áfram greitt árlega úr sjóðnum. Hægt verður að breyta greiðslufyrirkomulagi varðandi Vísindasjóð árlega.

Kjarasamningurinn var kynntur félagsfólki Visku sem starfar hjá Reykjavíkurborg og lauk kosningu 25. nóvember. Á kjörskrá voru 329 manns og var kosningabátttaka 49%. 148 samþykktu samninginn eða 92% en 13 greiddu atkvæði á móti eða 8%.

KJARASAMNINGAR Á ALMENNA MARKAÐNUM

Viska og Félag atvinnurekenda (FA) gerðu með sér kjarasamning 31. október 2024. Með þessum samningi verður til fyrsti kjarasamningurinn fyrir félagsfólk Visku sem starfar hjá aðildarfélögum FA en um leið er hann nýr valkostur fyrir háskólamenntaða sérfræðinga á þeim vettvangi.

Kjarasamningurinn gildir frá 1. nóvember 2024 til 1. febrúar 2028 og er í öllum meginatriðum í samræmi við aðra samninga sem gerðir hafa verið á almennum vinnumarkaði í yfirstandandi kjaralotu. Kjarasamningurinn er jafnframt sá fyrsti sem FA gerir við aðildarfélag BHM.

Viska og önnur aðildarfélög BHM eru með gildandi kjarasamning við Samtök atvinnurekenda (SA) og vorið 2025 hófust samningaviðræður um breytingar á þeim samningi, sem eru yfirstandandi þegar þessi ársskýrsla er skrifuð. Júlíana Guðmundsdóttir lögfræðingur Visku er formaður viðræðunefndar BHM-félaganna í þeim samningaviðræðum, en ásamt henni sitja í nefndinni fulltrúar FÍN – Félags íslenskra náttúrufræðinga og KVH – Kjarafélags viðskipta- og hagfræðinga.

KJARASAMNINGAR VIÐ AÐRA AÐILA

Í febrúar 2025 gerði Viska heildarkjarasamning til fjögurra ára við Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu. Á kjörskrá voru 75 manns og var kosningabátttaka 40%. 27 samþykktu samninginn eða 90% en 3 greiddu atkvæði á móti eða 10%.

Í september 2024 gerði Viska breytingar á kjarasamningi við RÚV, sem byggja á samningum á almenna markaðnum í yfirstandandi kjaralotu og í október 2024 gerði Viska breytingar á kjarasamningi við SA vegna RARIK ohf. Þegar þessi skýrsla er skrifuð er búið að hafa samband við Launanefnd þjóðkirkjunnar um gerð nýs kjarasamnings.

JÖFNUN LAUNA

Verkefnið um jöfnun launa milli opinbers og almenns vinnumarkaðar á rætur að rekja til lífeyrissamkomulagsins frá 2016. Nefnd um verkefnið hefur starfað allt frá árinu 2016, við kortlagningu launamunar og mótun á aðferðafræði.

Í tengslum við skammtímasamningana 2023 var gert sérstakt „áfangasamkomulag“ um afmarkað skref í átt að jöfnun launa. Í því samhengi voru 2 milljarðar króna teknir frá til að ráðstafa í hækkanir grunnlauna hjá aðildarfélögum BHM/BSRB/KÍ og hjá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga. Þessum fjármunum var ráðstafað í grunnlaunahækkanir gegnum stofnanasamninga og starfsmatið og eingöngu hjá einkeypisstéttum á opinbera markaðnum, það er þeim stéttum sem eingöngu (eða nær eingöngu) hafa ríki eða sveitarfélög sem launagreiðendur. Hjá ríkinu voru þetta meðal annars íþróttfræðingar, listmeðferðarfræðingar, kennarar, prestar og talmeinafræðingar sem fengu hækkanir í gegnum stofnanasamninga hjá LSH. Hjá sveitarfélögum fóru hækkanir til fleiri stétta vegna hækkunar á mati á huglægri færni í starfsmatinu.

Áfangasamkomulag 2, sem er framhald fyrra áfangasamkomulags sem er að ofan lýst, tengist kjarasamningum á árinu 2024 og er gert á milli aðildarfélaga BSRB og BHM annars vegar og ríkis og sveitarfélaga hins vegar. KÍ og FÍH, sem voru aðilar að fyrra áfangasamkomulagi, ákváðu að taka ekki þátt í áfangasamkomulagi 2. Enn á eftir að ákveða hvaða stéttir munu fá umfram launahækkanir vegna samkomulagsins. Vinna mun fara af stað á árinu 2025.

ÞJÓNUSTA Í KJARAMÁLUM

Viska veitir faglega og lausnamiðaða ráðgjöf og aðstoð fyrir félagsfólk, með sérstaka áherslu á réttindamál, laun, starfspróun og ráðningarkjör. Þjónustan byggir á skýrum verkferlum sem tryggja fagleg vinnubrögð og skjót viðbrögð. Á árinu hefur mikil vinna verið sett í uppbyggingu á þjónustu og verkferlum til að auðvelda ráðgjöfina, gera hana faglegri og auðvelda nýju starfsfólki í þjónustu að tileinka sér þekkingu sem til þarf.

Á hverju ári leitar fjöldi félagsmanna til Visku eftir leiðsögn. Mikið álag hefur verið síðasta árið, einkum vegna nýrra kjarasamninga, óvissu á vinnumarkaði og vaxandi vitundar um réttindi. Meðalviðbragðstími erinda hjá Visku er innan við 2 virkir dagar og flest erindi tengjast launaröðun, réttindum vegna veikinda og orlofs, ráðningarsamningum, starfslokum vegna aldurs, áminningum í starfi og málum sem varða einelti og áreitni, svokölluð EKKO-mál. Á síðasta ári hafa EKKO-mál tekið æ meira pláss í þjónustu Visku.

Bjarni Kristjánsson er verkefnastjóri þjónustu og ráðgjafar og með honum starfar Þóra Þorgeirsdóttir sem ráðgjafi. Ráðgjafar Visku leggja ríka áherslu á að veita einstaklingsmiðaða og lausnamiðaða þjónustu og stuðla að bættum kjörum og starfsánægju.

STOFNANASAMNINGAR

Stofnanasamningar eru sérstakir samningar milli stéttarfélaga og ríkisstofnana þar sem ákveðnir hlutar kjarasamnings eru aðlagðir að þörfum stofnana og starfsfólks þeirra.

Þau aðildarfélög sem stofnuðu Visku áttu stofnanasamninga við 109 stofnanir. Langflestir samninganna eru komnir nokkuð vel til ára sinna og eru flestir þeirra frá árinu 2006.

Eitt af meginmarkmiðum stofnfélaga með sameiningu í Visku var að sameina krafta sína svo að skrifstofa félagsins hefði burði til að sinna endurnýjun samninga með reglubundnum hætti. Á haustmánuðum 2024 var Katrín Björg Ríkarðsdóttir ráðin á skrifstofuna til að hafa umsjón með stofnanasamningum og þeim starfsmatskerfum sem félagsfólk Visku starfar eftir.

Viska hefur hafið þá vegferð að ráðast í endurnýjun stofnanasamninga. Skrifstofan hefur unnið skipulega að því að forgangsraða samningum félagsins, en í því tilviki var horft meðal annars til aldurs stofnanasamnings, fjölda Viskufólks hjá stofnun og meðaltalslaunaröðunar. Þá hefur skrifstofan einnig einnig sett upp markmið og feril fyrir vinnulag sem ætlað er að tryggja fagleg vinnubrögð. Auk þess var form stofnanasamninga endurskoðað og gerðar leiðbeiningar fyrir stofnanir.

Einn stofnanasamningur var undirritaður á árinu 2024, en þegar þessi skýrsla er skrifuð er samtal hafið við 12 stofnanir um endurnýjun samninga. Markmið stjórnar Visku er að allir stofnanasamningar félagsins verði endurskoðaðir með reglubundnum hætti í framtíðinni og er sú vinna sem unnin var 2024 undirstaðan að því starfi.

DÓMSMÁL

Árið 2024 höfðaði Viska eitt mál fyrir Félagsdómi og áfrýjaði öðru máli til Landsréttar.

Í Félagsdómsmáli nr. 3/2024 höfðaði Viska mál gegn íslenska ríkinu vegna Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Sameyki til réttargæslu. Í málinu krafðist Viska þess að viðurkennt yrði að félagið færi með samningsaðild fyrir félagsmann sem nýverið hóf störf á Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og að kjarasamningur Visku og ríkisins gildi um laun og kjör viðkomandi félagsmanns. Íslenska ríkið hafnaði þessum kröfum og krafðist sýknu. Hélt ríkið því fram að annað stéttarfélag færi með samningsaðild fyrir viðkomandi starfsmann vegna

Þess starfs sem hann gegndi og að einungis eitt stéttarfélag hefði rétt til samningsgerðar við sama vinnuveitanda vegna sömu starfsstéttar.

Félagsdómur féllst á kröfu Visku og dæmdi félaginu og félagsmanninum í vil. Dómurinn sagði að það væri eitt megininntak réttar manna til aðildar að stéttarfélögum að þau fari með samningsfyrirsvar við kjarasamningsgerð. Af ákvæðum stjórnarskrár og mannréttindasáttmála Evrópu leiðir að starfsmenn eiga rétt til að ganga í stéttarfélög að eigin vild til verndar hagsmunum sínum, en eru þó háðir málefnalegum skilyrðum um inngöngu í slík félög.

Um málsástæðu ríkisins, að einungis eitt stéttarfélag hafi rétt til samningsgerðar við sama vinnuveitanda fyrir sömu starfsstétt, sagði Félagisdómur að það væri vissulega meginregla og því gildi að jafnaði aðeins einn kjarasamningur um laun og önnur kjör þeirra sem sinna sams konar starfi hjá tilteknum vinnuveitanda. Hins vegar eru á þessu undantekningar og í sumum tilvikum er það svo að fleiri en einn kjarasamningur gildi um sama starf. Svo var í þessu tilviki og við slíkar aðstæður er það ekki á forræði vinnuveitanda að ákveða hvor kjarasamningurinn gildi, eins og Félagisdómur hefur ítrekað dæmt um.

Að mati Félagisdóms skiptir máli að um er að ræða starf þess eðlis að ekki er gerð krafa um eina tiltekna menntun og/eða reynslu heldur getur ýmis menntun og reynsla nýst í starfinu. Einnig skiptir máli að bæði Viska og hitt Sameyki höfðu gert kjarasamning við ríkið en hvorugt hafði samið sérstaklega um það starf sem viðkomandi félagsmaður hafði ráðið sig í. Júlíana Guðmundsdóttir er lögfræðingur Visku.

Félagsstarf

KJARADEILDIR

Kjaradeildir Visku sjá um kjara- og fræðslumál félagsfólks Visku á sínu fagsviði, starfsvettvangi eða landsvæði. Kjaradeildir eru stjórn Visku til ráðgjafar á sínu sviði, vinna að því að styrkja stöðu síns félagsfólks og efla þekkingu þess á kjara- og réttindamálum.

Ein kjaradeild er starfandi innan Visku, **Kjaradeild bókasafns- og upplýsingafræðinga**, en hún er skipuð félagsfólki sem áður var í einu stofnfélaga Visku, Stéttarfélagi bókasafns- og upplýsingafræðinga, um 260 manns. Formaður kjaradeildarinnar er Kristjana Mjöll Jónsdóttir Hjörvar og með henni í stjórn deildarinnar sitja Ingibjörg Ösp Óttarsdóttir, Óskar Þór Þráinsson, Ragna Björk Kristjánsdóttir og Þóra Jónsdóttir.

Í september 2024 sóttu Kristjana Mjöll Jónsdóttir Hjörvar og Ragna Björk Kristjánsdóttir samráðsfund norrænna stéttarféлага bókasafns- og upplýsingafræðinga sem haldinn var sem fjarfundur og var þetta í fyrsta sinn sem íslenskt stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga tekur þátt í slíku samstarfi.

Ásamt fulltrúum Visku voru þar fulltrúar frá Bibliotekforbundet í Noregi, DM í Danmörku og DiK í Svíþjóð. Íslandi var mjög vel tekið og hófst fundurinn á því að félögin fengu kynningu á Visku sem vakti mikla athygli. Dagskrá fundarins snerist um tvö meginviðfangsefni, annars vegar um helstu áskoranir sem félögin standa frammi fyrir í tengslum við starfsgreinina, kjör og réttindi, og hins vegar hvernig félögin vinna að stefnumótun í helstu málum og pólitískri hagsmunagæslu.

Heilt yfir var fundurinn afar vel heppnaður og er það einlæg skoðun kjaradeildarinnar að aðild að þessu norræna samstarfi sé mikil lyftistöng bæði fyrir deildina og félagið í heild. Næsti fundur samstarfsins verður staðfundur í Noregi í september 2025.

FÉLAGSNET

Félagsfólki er heimilt að leggja fyrir stjórn Visku að stofnað verði félagsnet til styrkja stöðu þess félagsfólks sem tilheyrir þeim, efla tengslanet og stuðla að aukinni þekkingu og framþróun á sér- eða áhugasviði félagsfólks.

Í Visku eru nú ellefu starfandi félagsnet, **félagsnet arkitekta, djákna, fjölskyldufræðinga, fræðafólks sem starfar sjálfstætt, listmeðferðafræðinga, íþróttufræðinga, myndlistafólks, safnafólks, táknmálstúlka, talmeinafræðinga og tómstunda- og félagsmálafræðinga og annars fagfólks í tómstundastarfi.**

Kjaradeildirnar og félagsnetin eru hjartað í félagsstarfi Visku og hefur stjórn félagsins mikinn áhuga á að efla starf þeirra.

FULLTRÚARÁÐ

Fulltrúar kjaradeilda og félagsneta mynda fulltrúaráð Visku ásamt formanni félagsins og fulltrúa frá Landssambandi íslenskra stúdenta (LÍS). Fundaði fulltrúaráð í desember 2024 í nýjum fundarsal Visku þar sem rætt var um áframhaldandi uppbyggingu félagsstarfsins.

TRÚNAÐARMENN

Trúnaðarmenn eru félagsfólk í stéttarfélagi sem hefur verið tilnefnt af starfsfólki eða félaginu sjálfu sem fulltrúi þess á vinnustað. Trúnaðarmenn Visku hafa aðgang að rafrænni fræðslu á vef félagsins, en einnig eru reglulega haldin staðnámskeið fyrir trúnaðarmenn. BHM heldur

reglulega námskeið fyrir trúnaðarmenn, og í apríl á árinu var haldið staðnámskeið fyrir trúnaðarmenn aðildarfélaga BHM, þar á meðal Visku.

Viska hefur 49 trúnaðarmenn á 35 vinnustöðum, en miðað við stærð félagsins ættu trúnaðarmenn Visku að vera mun fleiri. Stjórn Visku hefur hug á að stórefla trúnaðarmannakerfi sitt í framtíðinni, þar á meðal með því að skipuleggja aukna fræðslu fyrir trúnaðarmenn og styrkja tengslanet þeirra.

BHM

Viska er stærsta aðildarfélagið innan BHM, heildarsamtaka háskólamenntaðs fólks á Íslandi, og tekur virka þátttöku í starfi bandalagsins. Formaður Visku, Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir, situr fyrir hönd félagsins í **formannaráði BHM** og fulltrúar félagsins starfa í fjölda stjórna, nefnda og starfshópa innan bandalagsins. Sigrún Einarsdóttir er fulltrúi Visku í **framkvæmdastjórn BHM**.

Þrjár fastanefndir eru starfandi innan bandalagsins, **kjaranefnd**, **jafnréttisnefnd** og **lífeyris- og lánanefnd** og er Viska með fulltrúa í tveimur þeirra. Anna Lilja Torfadóttir situr í lífeyris- og lánanefnd fyrir hönd Visku og Sigrún Einarsdóttir situr í kjaranefnd sem fulltrúi framkvæmdastjórnar BHM.

Tvær nefndir sjá um kosningar innan BHM og á Viska fulltrúa í báðum þeirra. Kristjana Mjöll Jónsdóttir Hjörvar situr í **framboðsnefnd BHM**. Í **kjörstjórn BHM** situr Sunna Björt Arnardóttir og Júlíana Guðmundsdóttir er varamaður þar.

Viska á fulltrúa í **stjórn Húsfélags BHM**. Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir situr þar fyrir hönd félagsins og er ritari stjórnar.

Innan BHM eru hverju sinni starfandi tímabundnir starfshópar sem skipaðir eru af formannaráði um einstök málefni og var einn slíkur hópur starfandi árið 2024, **samræmingarhópur um innra starf BHM**, en þar situr Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir fyrir hönd félagsins.

Júlíana Guðmundsdóttir situr í **ferðakostnaðarnefnd** hjá fjármála- og efnahagsráðuneytinu sem fulltrúi BHM.

FUNDIR OG VIÐBURÐIR

Félagsfólk fjölmennti á 1. maí göngu samtaka launafólks sem haldin var í Reykjavík á árinu og var mikill hugur í fólki, enda félagið í miðjum kjaraviðræðum.

Fjöldmargir félagsfundir voru haldnir árið 2024 í tengslum við kjaraviðræður. Viska boðaði til félagsfunda 2. júlí og 3. júlí fyrir félagsfólk sem starfar hjá ríkinu til að kynna kjarasamning. Félagsfundir voru haldnir 14. október og 15. október fyrir félagsfólk sem starfar hjá sveitarfélögunum. Félagsfundir voru haldnir 21. nóvember og 22. nóvember fyrir félagsfólk sem starfar hjá Reykjavíkurborg. Mjög góð mæting var á alla fundi og líflegar umræður.

Viska tók þátt í átaki um geðheilbrigði á vinnustöðum sem fór fram vikuna 7.–11. október 2024. Mental – ráðgjöf stóð að áttakinu í samstarfi við Visku, Advania, Reykjavíkurborg, Tixly – tix.is, Tryggingastofnun og Mannauð – félag mannauðsfólks á Íslandi. Átakið var í tilefni af alþjóðlegum geðheilbrigðisdegi sem haldinn er 10. október ár hvert.

Viska tók þátt í opnum fundi um málefni heilbrigðisþjónustunnar 21. nóvember ásamt öðrum stéttarfélögum heilbrigðisstarfsfólks sem haldinn var í aðdraganda þingkosninga. Á fundinum ræddu frambjóðendur til þings áskoranir og áherslur í heilbrigðismálum. Að fundinum stóðu ásamt Visku, Læknafélag Íslands, Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Sjúkraliðafélag Íslands, Félag sjúkráþjálfara, Sálfræðingafélag Íslands, Félag lífeindafræðinga, FÍN, Félagsráðgjafafélag Íslands, Iðjupjálfafélag Íslands, Ljósmeðrafélag Íslands, Proskapjálfafélag Íslands, Tannlæknafélag Íslands, Félag geislafræðinga á Íslandi og Lyfjafræðingafélag Íslands.

NÁMSKEIÐ OG FRÆÐSLA

Aðstoð við skil á skattframtali

Í mars 2024 bauð Viska félagsfólki sínu upp á aðstoð við skil á skattframtali í formi netnámskeiða og einstaklingsráðgjafar. Góð aðsókn var á námskeiðin og bókuðust tímar í einstaklingsráðgjöf upp. Viska endurtók þessa fræðslu í mars 2025 og voru viðtökur félagsfólks jafn góðar.

Skattanámskeiðin og einstaklingsráðgjöfin eru orðnir fastir liðir í þjónustu félagsins og mun Viska endurtaka leikinn að ári. Stöðugt er unnið að því að bæta þjónustuna og aðgengi félagsfólks að henni.

Lífeyrisráðgjöf

Á árinu var unnið að umgjörð lífeyrisráðgjafar hjá Visku. Því fylgdi lagaleg álitserð á þjónustunni, gerð skriflegra skilmála og útfærsla á verklagi og ferlum. Ráðgjöf var veitt áfram í tilraunaskyni, með mjög góðum viðbrögðum. Á nýju ári er stefnt að því að bjóða þjónustuna

félagsfólki í áföngum, til að tryggja að skrifstofan geti tekist á við það álag sem þjónustan kann að hafa í för með sér.

Fyrirtækjaskóli Akademias

Félagsfólk Visku hefur ókeypis aðgang að fyrirtækjaskóla Akademias, sem býður upp á fjölda rafrænna námskeiða til starfsþróunar.

Bara tala

Félagsfólk Visku hefur ókeypis aðgang að snjallforritinu Bara tala, sem er stafrænn íslenskukennari sem byggir á gervigreind og íslenskri máltækni.

Starfsmennt fræðslusetur

Félagsfólk Visku sem á aðild að Starfsþróunarsetri BHM og starfar á opinbera markaðnum getur sótt námskeið, námsleiðir, fyrirlestra og aðra fræðslu sem skipulögð er af Starfsmennt fræðslusetri. Setrið styrkir þátttöku félagsfólks að fullu, án þess að ganga á persónulegan rétt þeirra hjá Starfsþróunarsetri.

NÁMSMANNABJÓNUSTA

Viska hefur á árinu unnið jafnt og þétt að því að auka þjónustu við háskólanema. Viska býður háskólanemum upp á þjónustu, ráðgjöf og fræðslu í gegnum námsmannabjónustu Visku. Námsfólk getur leitað til Visku með spurningar um fyrstu skref á vinnumarkaði.

Allir háskólanemar sem eru skráðir í Visku eiga rétt á þjónustu, ráðgjöf og fræðslu sér að kostnaðarlausu, og fá enn fremur fría snjalltryggingu fyrir síma, tölvu, hjól og rafhlaupahjól.

Viska lætur málefni háskólasamfélagsins sig varða og leggur áherslu á fræðslu og þjónustu fyrir háskólanema. Félagið vill eiga virkt samtal við hagsmunasamtök íslenskra háskóla á landsvísi og taka þátt í hagsmunabaráttu háskólanema.

Í janúar 2024 undirrituðu Viska og LÍS – Landssamband íslenskra stúdenta samstarfssamning sem hefur það að markmiði að efla þekkingu háskólanema á kjara- og réttindamálum á vinnumarkaði og vinna saman að stefnumótun um sameiginleg hagsmuna- og réttindamál.

Í kjölfarið hefur Viska gert samstarfssamninga við önnur hagsmunasamtök háskólanema. Í september 2024 undirritaði félagið samstarfssamninga við SHA – Stúdentafélag Háskólans á Akureyri og SFHR – Stúdentafélag Háskólans í Reykjavík, í nóvember 2024 við SHÍ – Stúdentaráð Háskóla Íslands, í febrúar 2025 við SLHÍ – Stúdentaráð Listaháskóla Íslands og

Í mars 2025 við SÍNE – Samband íslenskra námsmanna erlendis. Samningarnir fela í sér fræðslu til háskólanema á sviði kjara- og réttindamála.

Í samstarfi við SHÍ var sett á laggirnar ný staða kjara- og réttindafulltrúa háskólanema að norrænni fyrirmynd, sem starfar á skrifstofu SHÍ og veitir háskólanemum á vinnumarkaði kjara- og réttindatengda þjónustu.

ERLENT SAMSTARF

Viska lagði á þessu fyrsta starfsári sínu mikla áherslu á að formgera norrænt samstarf, en Viska er stofnuð að norrænni fyrirmynd og félagið leggur ríka áherslu á að nýta sér reynslu erlendra stéttarféлага þegar kemur að því að þróa þjónustu og hagsmunagæslu fyrir félagsfólk.

Viska hóf á árinu samstarf við sambærileg stéttarfélög á hinum Norðurlöndunum, sem markar stóran áfanga í því að efla þjónustu og hagsmunagæslu félagsfólks á alþjóðlegum vinnumarkaði.

Viska er þátttakandi í óformlegum samráðsvettvangi stéttarféлага háskólamenntaðs starfsfólks á Norðurlöndum. Framkvæmdastjóri Visku sat ársfund með framkvæmdastjórum norrænna stéttarféлага í Helsinki í október 2024, sem bar yfirskriftina „Notkun gervigreindar í rekstri stéttarféлага“. Framkvæmdastjóri Visku kynnti starfsemi félagsins á Íslandi og útskýrði hvernig sameining stéttarfélaganna í Visku hafði farið fram.

Í maí 2024 skrifaði félagið undir samstarfssamning við **Samfunnsviterne í Noregi**, í júní við **Akavia í Svíþjóð**, í október við **YKA í Finnlandi** og í desember við **Djóf í Danmörku**. Þessir samstarfssamningar veitir félagsfólki félagsfólki Visku, sem hyggur á störf eða nám í einhverju af Norðurlöndunum, aðgang að þjónustu á borð við ráðgjöf um vinnumarkaðstengd mál, aðstoð við flutning og upplýsingar um réttindi og skyldur á nýjum vinnumarkaði.

Kjaradeild bókasafns- og upplýsingafræðinga í Visku er þátttakandi í óformlegu samstarfsneti norrænna stéttarféлага bókasafns- og upplýsingafræðinga, ásamt Biblioteketforbundet í Noregi, DM í Danmörku og DIK í Svíþjóð. Í september 2024 sóttu Kristjana Mjöll Jónsdóttir Hjörvar og Ragna Björk Kristjánsdóttir samráðsfund með þessum félögum sem haldinn var í fjarfundi.

Viska tók einnig á móti erlendum gestum. Trúnaðarmenn Samfunnsviterne í Noregi heimsóttu Ísland í tvígang á árinu og fengu fræðslu frá fulltrúum Visku um íslenskan vinnumarkað og verkalýðshreyfinguna.

Útgáfa, rannsóknir og kynningarmál

STAFRÆNIR INNVIÐIR

Á árinu var opnuð ný vefsíða félagsins, Viska.is. Vefsíðan var hönnuð af Hugsmiðjunni ásamt Jökulá sem sá um útlit síðunnar. Kappkostað var við gerð síðunnar að gera upplýsingar sem aðgengilegastar fyrir félagsfólk, meðal annars með gerð snjallleitarvélar á vefsíðunni.

Vefsíðan Viska.is var tilnefnd í fjórum flokkum íslensku vefverðlaunanna 2024 – fyrirtækjavefur ársins (lítil fyrirtæki), efnis- og fréttaveita ársins, tækninýting ársins og stafræn lausn ársins. Vann vefsíðan í flokki efnis- og fréttaveita ársins og var upphlaupari sem fyrirtækjavefur ársins (lítil fyrirtæki).

Á árinu voru einnig opnaðar Mínar síður þar sem félagsfólk getur sótt sér upplýsingar um réttindi í sjóðum og skráð sig í hópa á vegum félagsins.

Vinnuréttarvefur í umsjón BHM er speglaður á vefsíðu Visku og einnig er þar að finna svokallaða „Viskumola“ þar sem ráðgjafar félagsins taka saman gagnlegar upplýsingar um kjör og réttindi á vinnumarkaði.

Félagið hefur einnig stóreflt ásýnd sína á samfélagsmiðlum og er nú virkt á Facebook, Instagram og LinkedIn. Á komandi misserum munu fleiri miðlar bætast í flórana og ásýnd félagsins aukast enn meira.

Gauti Skúlason sér um samskipti og markaðsmál hjá Visku.

RANNSÓKNIR OG GREININGAR

Af greiningum og könnunum má nefna að á haustdögum 2024 sendi félagið frá sér hagræna greiningu þar sem farið var yfir stöðu ungs fólks á Íslandi. Þar kom fram að kaupmáttur ungs fólks á aldrinum 30–39 ára hefur staðið í stað í tvo áratugi á Íslandi. Á sama tíma hefur ójöfnuður milli kynslóða aukist mun meir á Íslandi en á öðrum Norðurlöndum.

Viska sendi frá sér eina umsögn haustið 2024, um fjárlög 2025. Í þeirri umsögn var einblínt á mikilvægi þess að geta veitt séreign inn á lán áfram. Bent var á hversu mikið stjórnvöld höfðu dregið úr stuðningi við húsnæðiseigendur á Íslandi síðustu ár og hvatt til framlengingar heimildar til að greiða séreignarsparnað inn á húsnæðislán.

Stjórn Visku er umhugað að félagið taki virkan þátt í samfélagsumræðunni og fjölgi rannsóknum, greiningum og umsögnum sem félagið sendir frá sér. Að því marki var ráðinn

hagræðingur til starfa á skrifstofunni haustið 2024, Vilhjálmur Hilmarsson. Skrifstofan hefur unnið skipulega að því að gera starfsáætlun fyrir næstu starfsár.

Í byrjun árs 2025 sendi félagið þá frá sér greiningu sem byggði á könnun meðal ríkisstarfsfólks. Í könnuninni var spurt um viðhorf til hagræðingar í ríkisrekstri. Í mars 2025 sendi félagið inn umsögn um breytingu á lögum um námslán í samstarfi við SHÍ. Í þeirri umsögn var bent á þann halla sem myndast hefur á milli nýja og gamla námslánakerfisins og þess krafist að létt yrði undir með vaxtabyrði unga fólksins.

KYNNINGARMÁL

Leitað var til Jökulá til að hanna nýtt merki og nýjan hönnunarstaðal Visku. Ýmis varningur var framleiddur á árinu til að vekja athygli á merki félagsins, svo sem pokar, pennar, glósubækur og endurskinsmerki, en einnig fánar og skilti sem félagsfólk getur haldið á lofti í kröfugöngum.

Umfjöllun fjölmiðla um Visku fær meira vægi á milli ára og áhugi fjölmiðla á hagsmunabaráttu félagsins fer vaxandi. Á næstu misserum hefur stjórn félagsins hug á að skapa sér enn meira pláss í opinberri umræðu, hagsmunabaráttu félagsins á erindi við íslenskt samfélag í heild sinni.

Sjóðir

SJÚKRASJÓÐIR

Félagsfólk í Visku getur fengið fjárhagslega aðstoð vegna heilbrigðisþjónustu eða langvarandi fjarveru frá vinnu vegna veikinda. Styrktarsjóður BHM og Sjúkrasjóður BHM veita félagsfólki í Visku styrki til að hlúa að líkamlegri og andlegri heilsu sinni.

Styrktarsjóður BHM er fyrir félagsfólk Visku á opinberum markaði, hjá ríki eða sveitarfélögum. **Sjúkrasjóður BHM** er fyrir félagsfólk á almennum vinnumarkaði.

Báðir sjóðirnir veita styrki til félagsfólks vegna tekjutaps vegna ólaunaðrar fjarveru frá vinnu sökum veikinda og slysa. Þá veita sjóðirnir styrki vegna endurhæfingar og forvarna af ýmsum toga svo sem styrki vegna líkamsræktar, krabbameinsleitar og meðferða á sál og líkama. Þá er hægt að fá styrk vegna fæðinga og ættleiðinga auk styrkja vegna alvarlegra veikinda og stuðnings vegna kostnaðar sem fellur til vegna andláts sjóðfélaga.

Viska á fulltrúa í stjórn Sjúkrasjóðs BHM, Júlíana Guðmundsdóttir er formaður sjóðsins.

STARFSÞRÓUNARSJÓÐIR

Vegna sífelldra breytinga á vinnumhverfi og verkefnum er mikilvægt að fólk geti stöðugt aflað sér nýrrar þekkingar og hæfni. Með símenntun getur fólk bætt stöðu sína á vinnumarkaði, aukið starfsöryggi sitt og starfsánægju. Félagsfólk Visku hefur aðgang að styrkjum sem stuðla að framþróun í starfi.

Starfsmenntunarsjóður BHM

Allt félagsfólk Visku hefur aðgang að Starfsmenntunarsjóði BHM sem styrkir félaga til náms og til að sækja einstök námskeið, ráðstefnur, málþing eða til að fara í fræðslu- og kynnisferðir innanlands eða utan.

Viska á fulltrúa í stjórn Starfsmenntunarsjóðs BHM, Helga B. Kolbeinsdóttir situr í stjórn sjóðsins.

Starfsþróunarsetur háskólamanna

Hlutverk Starfsþróunarseturs háskólamanna er að stuðla að framgangi félagsfólks aðildarfélaga BHM sem aðild eiga að setrinu og markvissri starfsþróun stofnana. Starfsþróunarsetrið veitir styrki til einstaklinga og stofnana vegna náms, námskeiða, ráðstefna og annarra verkefna sem tengjast starfsþróun. Félagsfólk Visku þarf að skrá sig sérstaklega í Starfsþróunarsetrið til að eiga rétt á styrkjum úr setrinu.

Viska á fulltrúa í stjórn Starfsþróunarsetursins, Georg Brynjarsson er varaformaður setursins.

Vísindasjóður Visku

Félagsfólk Visku sem starfar hjá sveitarfélögunum á aðild að Vísindasjóði Visku, en félagsfólk sem starfar á almenna vinnumarkaðnum getur óskað eftir því að ganga í sjóðinn. Félagsfólk Visku sem starfar hjá Reykjavíkurborg getur valið á milli þess að fá greitt úr sjóðnum árlega, eða fella greiðslur inn í launatöflu.

Viska greiðir á hverju ári styrk úr Vísindasjóði til félagsfólks sem á rétt í sjóðnum og þarf félagsfólk ekki að sækja sérstaklega um úthlutun. Styrkupphæðin er miðuð við innborgun í sjóðinn á tímabilinu 1. janúar til 31. desember árið áður.

ORLOFSSJÓÐUR

Félagsfólk í Visku á aðild að Orlofssjóði BHM, sem leigir félögum orlofshús og íbúðir um land allt og býður upp á gjafabréf í flug, útilegu- og veiðikortið og ferðaávisanir. Þá fær félagsfólk afslætti hjá fyrirtækjum vítt og breitt um landið.

Orlofshús eru staðsett í Brekkuskógi, við Hreðavatn, á Akureyri og á Egilsstöðum. Í Brekkuskógi er hægt að leigja hús sem sérstaklega var hannað til að mæta þörfum fólks með skerta hreyfigetu. Gæludýr eru velkomin í nokkur orlofshús, flest í Brekkuskógi. Á úthlutunartímabilum er 50% eignum orlofssjóðsins úthlutað eftir punktastöðu og 50% eignum orlofssjóðsins úthlutað eftir hlutkesti. Gæludýrahúsum, tegundum húsa og svæðum er skipt jafnt í hópana eins og unnt er til að gæta jafnræðis.

Félagsfólk í Visku getur enn fremur keypt inneign upp í flugferðir með Icelandair og hjá Erni (Höfn í Hornafirði). Einnig er hægt að kaupa ferðaávisun sem hægt er að nýta í gistingu hjá samstarfsaðilum og gönguferðir um land allt.

Viska á fulltrúa í stjórn Orlofssjóðs BHM, Inga María Leifsdóttir er formaður sjóðsins.

VIRK STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

Félagsfólk í Visku hefur aðgang að þjónustu VIRK starfsendurhæfingarsjóðs. VIRK eflir starfsgetu einstaklinga með heilsubrest sem stefna að aukinni þátttöku á vinnumarkaði.

Tilgangur með þjónustu á vegum VIRK er að aðstoða fólk við að komast aftur á vinnumarkaðinn. Þjónusta VIRK er til staðar á öllum helstu þéttbýlisstöðum landsins, er einstaklingsmiðuð og einstaklingum að mestu að kostnaðarlausu. Á vegum VIRK starfa um 60 sérhæfðir ráðgjafar og atvinnulífstenglar sem fylgja notendum þjónustunnar allan starfsendurhæfingarferilinn og hvetja þá áfram.

Kolbrún Halldórsdóttir formaður BHM situr í stjórn VIRK fyrir hönd aðildarfélaga bandalagsins.

KJARAMÁLASJÓÐUR

Viska starfrækir kjaramálasjóð og fer stjórn Visku með málefni sjóðsins.

Tilgangur sjóðsins er að veita félagsfólki Visku sem missir atvinnutekjur vegna vinnustöðvunar eða verkbanns fjárhagslega aðstoð, eftir því sem hagur sjóðsins leyfir hverju sinni. Einnig er sjóðnum ætlað að standa straum af lögfræði- og málskostnaði sem fellur til vegna baráttu við að tryggja kjör og réttindi félagsfólks og greiða annan tilfallandi kostnað vegna kjaramála.